

Nr. 26/1908:

Fridtjof Ortenblad
 gegn
 Ásgeiri Péturssyni

D ó m u r:

Með gestarréttardómi Akureyrarkaupstaðar, uppkveðnum 27. febrúar f. á., var Fridtjof Ortenblad, sildarkaupmaður á Hjalteyri og framkvæmdarstjóri hlutafélagsins »Islandsk Comp. Göteborg«, dæmdur til að greiða Ásgeir Péturssyni kaupmanni á Akureyri 13998 kr. með 6% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en sýknaður að öðru leyti af kröfum hans, og var málskostnaður látinn falla niður. Til að fullnægja þessum dómi fóru fram fjárnámsgjörðir 1. og 2. apríl á Akureyri og 16. júní á Hjalteyri, og var mótmælum af hálfu áfrýjanda gegn fjárnáminu hrundið með úrskurði fógætans við hina fyrri fjárnámsgjörð 2. apríl.

Nefndum dómi og fógetaúrskurði með eftirfarandi fjárnámsgjörðum hefir Fridtjof Ortenblad skotið til yfirdómsins með stefnum dags. 3. júní og 20. júní þ. á. og krafist að verða algerlega sýknaður af öllum kröfum Ásgeirs Péturssonar fyrir undirrétti, eða til vara að eins dæmdur til að greiða stefnda 643 tunnur með 14 kr. pr. tn. að frádregnum 5703 kr. 74 a., að fógetaúrskurðinum verði hrundið og fjárnámsgjörðirnar feldar úr gildi, og honum dæmdar fullar bætur fyrir þær, svo og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir undir- og yfirdómi. Ásgeir Pétursson hefir af annari hálfu gagnáfrýjað málinu og krafist þess, að allar kröfur hans fyrir undirrétti verði teknar til greina, þannig að honum verði dæmdar 10000 kr. skaðabætur hjá aðaláfrýjanda og málskostnaður fyrir

undirrétti, en gestaréttardómurinn að öðru leyti staðfestur, og hvernig sem málið fer, krefst hann, að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Tildrög málsins voru þau, að 7. september 1907 gjörði Otto Tulinius konsúll á Akureyri fyrir hönd aðaláfrýjanda samning við stefnda um kaup á 1000 tn. af síld, er stefndi átti á Siglufirði. Segir svo í fyrstu málsgrein samningsins: »Fyrir 1000 tn. af fiskipakkaðri síld, sem Asgeir Pétursson á á Siglufirði, gefur Örtenblad 14 kr. pr. Tde«, og í síðari viðbæti við samninginn segir: Fyrir $\frac{1}{2}$ af síld, aflaða á »Viking« og »Samson« sumarið 1907 borgar Örtenblad 8 kr., en fyrir $\frac{1}{2}$ kr. 6,75 pr. Tn. innihald«. Tíu dögum eftir að samningur þessi var gjörður, eða 17. septbr., kom aðaláfrýjandi til Siglufjarðar á gufuskipi til að sækja síldina, og var stefndi þá viðstaddur þar. Fór aðaláfrýjandi í land með skipstjóra og 5 aðra skipsmenn til að skoða síldina og taka á móti henni. Vísaði stefndi honum á fiskipakkaðar síldartunnur, 1000 að tölu, er hann átti bak við svonefnd Wollanshús, en þar átti hann auk þess um 200 síldartunnur, og enn átti hann 408 síldartunnur á 2 bryggjum framundan nefndum húsum, og var sú síld veidd eftir 7. september, þar af 51 tn. á skipið »Viking«, er getið er um í samningnum. Aðaláfrýjandi lét menn sína rannsaka síldina bakvið Wollanshús, og komst að þeirri niðurstöðu, að hún væri svo stórgölluð, að eigi yrði talin gild vara. Lét hann stefnda vita þetta, en síldina á bryggjunum taldi hann góða vöru og fekk samþykki stefnda til að flytja hana á skip sitt. Sigldi hann burtu næsta dag með þessar 408 síldartunnur, en tók ekki meira af síld stefnda.

Þessar aðfarir aðaláfrýjanda taldi stefndi brot á samn-

ingnum 7. septbr. 1907 og hóf því málsókn þessa. Krafðist hann þess í gestaréttarstefnunni, að aðaláfrýjandi yrði dæmdur til að greiða sér andvirði fyrir 1408 tn. af sild, 14 kr. fyrir hverja, en áður en dómur gekk í málinu, hafði hann fengið borgun frá aðaláfrýjandi fyrir 408 tn. og 2 kr. framyfir, og færði hann því kröfu sína niður í 13998 kr., er hann fekk sér dæmdar í gestaréttinum. Af þeim 408 tn., er aðaláfrýjandi tók á Siglufirði, átti hann kauparétt á 51 tn., er aflaðar voru á Víking, samkvæmt viðbótarákvæði samningsins, og er enginn ágreiningur í málinu um þau kaup. En aðaldeiluefnið milli málsaðila er það, hvort sild sú, er stefndi vísaði aðaláfrýjanda á bakvið Wollanshús, hafi verið gild vara, svo að aðaláfrýjanda hafi verið óheimilt að hafna henni, og það því verið samningsrof af hans hálfu að neita að taka við henni, og í annan stað hvort svo verði að líta á, að þær 357 tn. síldar, er aðaláfrýjandi tók á Siglufirði og eigi voru aflaðar á »Viking«, hafi verið afhentar og meðteknar upp í hinar umsömdu 1000 síldartunnur, eða sérstök kaup hafi verið um þær gjörð, auk hinna.

Að því er snertir hið fyrra atriði heldur áfrýjandi því fram, að síldin, er um var samið, hafi átt að vera af beztu tegund (prima), en síldin bakvið Wollanshús hafi verið stórskemd eða jafnvel með öllu ónýt. Eins og áður er getið, lét aðaláfrýjandi 6 menn, þar á meðal skipstjóra á skipi því, er hann fór á til Siglufjarðar, skoða þessa síld. létu þeir uppi vottorð um skoðunina, er þeir staðfestu sem vitni í réttinum, allir nema skipstjórinn. Segir svo í vottorðinu, að 40 tn. hafi verið nákvæmlega rannsakaðar, að í 2 þeirra að eins hafi verið síld af beztu tegund, en í hinum 38 hafi síldin verið mjög óvönduð vara,

sumt af henni þrátt og mikið af óheillegrri og kviðrifinni síld, og að eftir því verði að álíta að öll síldin (partíið) hafi verið léleg vara. Stefndi mótmælir þessum vitnisburðum og álitur, að ekkert verði á þeim byggt, sökum þess, að vitnin séu í þjónustu aðaláfrýjanda og því vilhöll. En hann hefir hins vegar fengið 2 menn kvadda af sýslumanni, sérstaklega því starfi vaxna, til að skoða hina umþrættu síld. Hafa menn þessir vottað, að þeir hafi skoðað hverja einstaka tunnu af síldarpartíi því, alls 1000 tn. er Ásgeir Pétursson hafi selt Fr. Ørtenblad, og komist að þeirri niðurstöðu, að síldin væri í alla staði óaðfinnanleg og gjaldgeng vara, og þessa skýrslu hafa skoðunarmennirnir staðfest með eiði. Aðaláfrýjandi telur þessa skoðunargjörð þýðingarlausu, sakir þess, að honum hafi eigi verið gefinn kostur á að vera viðstaddur þegar hún fór fram og gæta réttar síns, að skoðunarmennirnir, sérstaklega annar þeirra, hafi eigi haft vit á að dæma um síld sem verzlunarvöru, og að það sé eigi sannað, að sú síld, sem stefndi lét skoðunarmennina álíta, hafi verið sú hin sama, er hann vísaði aðaláfrýjanda á.

Þessi mótmæli geta þó ekki orðið til þess, að skoðunargjörðinni verði hrundið, með því að þeim var eigi hreift áður en gjörðin var staðfest af skoðunarmönnunum, en afleiðingin af því er sú, að aðaláfrýjandi gat eigi síðar komið áminstum mótmælum að, enda verður að ætla, eftir því sem fram er komið í málinu, að mótmælin gegn því, að skoðunarmennirnir hafi ekki verið starfinu vaxnir og að þeir hafi ekki rannsakað síld þá, er málið er risið af, séu eigi á rökum byggð.

Ísamningnum 7. septbr. 1907 er ekkert ákveðið um teg-

und eða gæði hinnar umsömdu sildar og um það efni verður ekki ráðið neitt af verðinu, með því að engar upplýsingar eru í málinu um venju eða reglur á Eyjafirði um flokkun sildar og verðlag eftir gæðum. Það verður því að gera ráð fyrir, að samið hafi verið um algenga, fullgilda verzlunarvöru.

Aðaláfrýjanda ber nú að sanna það, að síld sú, er stefndi hafði til reiðu handa honum á Siglufirði 17. sept. 1907, hafi eigi verið fullgild vara, er fullnægðri samningnum, svo að honum væri vítalaust að gjöra hana ræka. En það verður eigi álitíð, að honum hafi tekist að sanna þetta. Menn þeir, er aðaláfrýjandi lét skoða sildina, virðast hafa verið honum eða félagi því, er hann var fulltrúi fyrir, svo háðir, að þeir tæplega verði taldir fullgild vitni. Fjórir þeirra segjast vera síldverkamenn í þjónustu »Islandsk Comp.,« og er þá næst að ætla, að þeir séu í fastri þjónustu félagsins eða aðaláfrýjanda, og skoðunina framkvæmdu þeir eftir fyrirmælum hans. En þó að mót-mæli stefnda gegn vitnum þessum þættu ekki á rökum byggð, verður að líta svo á, að vitnisburði þeirra sé verulega hnekt með skoðunargjörð þeirri, er stefndi lét fram fara, og hvernig sem á er lítið, nær skýrsla vitnanna að eins til þeirra 40 tn., er þau rannsökuðu, en skoðunargjörðin sýnir, að vitnunum var óheimilt að dæma alla heildina, þær 1000 tn., er stefndi vísaði á, eftir því, þó að sildin í þessum 40 tn. flestum hefði reynst gölluð vara. Skoðunarmennirnir hafa rannsakað hverja einstaka tunnu, og þeir taka fram, að einstaka tunna hafi komið fyrir, er eigi var í síld af beztu tegund; og hafi þær verið teknar frá, en öðrum bætt við í staðinn, og í sambandi við þetta lét annar skoðunarmaðurinn þess getið,

að þó að þessar tunnur hefðu ekki verið teknar frá, hafi partiið ekki verið frekar gallað en venjulega á sér stað um svo stór partí af þeirri síld, sem afgreidd er frá landinu. Þar sem það þannig er ósannað, að áminst síld hafi eigi verið fullgild verzlunarvara, eða lakari en aðaláfrýjandi átti rétt á eftir samningnum, þá hefir hann ekki réttlætt það, að hann neitaði að taka á móti síldinni og greiða stefnda umsamið andvirði hennar, og verður að telja þetta brot á samningnum af hans hálfu.

Um hitt atriðið, er málsaðilum ber á milli, hvort draga megi fyrgreindar 375 tn. frá hinum umsömdu 1000 síldartunnum, heldur stefndi því fram, að engin heimild sé fyrir þessum frádrætti, með því að samið hafi verið um síld, er hann átti á Siglufirði 7. sept. 1907, en síldin, sem aðaláfrýjandi tók, hafi öll verið veidd eftir þann dag. En aðaláfrýjandi álitur, að orð samningsins: á Siglufirði séu sett til þess eins, að ákveða afhendingar- og viðtökustað síldarinnar, en eigi ekki að merkja það, að samið sé um tiltekna síld, aflaða fyrir neinn vissan tíma. Til stuðnings þessari skoðun sinni vísar hann til kvittunar frá umboðsmanni stefnda, dags. 24. ágúst 1907, fyrir 5000 kr. ávísun, er aðaláfrýjandi gaf út til stefnda. En á kvittun þessari stóð svo, að málsaðilar höfðu þegar sumarið 1907 gjört munnlegan samning um síldarkaupin, og aðaláfrýjandi greitt 5000 kr. upp í síldarverðið með ávísun, er hann fekk téða kvittun fyrir 24. ágúst. Aðaláfrýjandi heldur því nú fram, að í hinum munnlega samningi hafi ekkert verið áskilið um það, að síldin ætti að vera veidd fyrir 7. septbr. eða 24. ágúst eða neinn annan tiltekinn tíma, og samkvæmt þessu verði að skilja hinn skriflega samning, sem að eins sé staðfesting á hinum

munlega samningi, og að orðin: »liggende paa Siglufjord« í kvittuninni merki að eins staðarákvörðun, eins og orðin »á Siglufirði« í samningnum.

Við þetta er það að athuga, að aðaláfrýjandi hefir eigi gegn mótmælum stefnda sannað, að þeir hafi samið munlega um síldarkaupin annað en það, sem stendur í skriflega samningnum, en samkvæmt honum verður að telja það vafalaust, að samið hafi verið um síld, er stefndi átti á Siglufirði 7. sept., og orðin í kvittuninni: »liggende í Siglufjord paa Ásgeir Péturssons Grund, der Silden ligger for Péturssons Risiko indtil Udskibning, men skal hentes snarest muligt,« sýna það ljóslega, að átt er við síld, sem stefndi átti þá, 24. ágúst, á Siglufirði, og er sama síldin, sem samningurinn ræðir um.

En þótt svo væri, að samið hefði verið um þá síld, er stefndi átti bakvið Wollanshús, heldur áfrýjandi því fram, að stefndi hafi vísað sér á þessar 357 tn. á bryggjunum fyrir framan húsin, og samþykkt að þær kæmu í staðinn fyrir jafnmargar tonn af hinni umsömdu síld. En stefndi neitar því eindregið, hann kannast við að hafa samþykkt, að aðaláfrýjandi fengi síldina, en tjáist jafnframt hafa tekið það skýrt fram, að þau kaup væru samningnum 7. sept. alveg óviðkomandi, og að hann héldi fast við þann samning. Þessari skýrslu stefnda hefir aðaláfrýjandi ekki hnekt, og er það því ekki sannað, að hann hafi losast undan að taka við og borga neitt af þeirri síld, er samningurinn 7. sept. ræðir um, þó að stefndi léti honum fala aðra síld á sama stað.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, verður niðurstaðan sú, að aðaláfrýjanda sé skylt að greiða stefnda umsamið andvirði fyrir 1000 tn. af síld, 14 kr. fyrir

hverja tunnu, að frádregnum 2 kr., og verður því að dæma hann til að greiða stefnda 13998 kr. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags.

Gestaréttardómurinn var birtur aðaláfrýjanda 16. marz f. á. og 9. s. m. krafðist stefndi fjárnáms eftir dómnum. Var fjárnámið byrjað 1. apríl á Akureyri með samþykki aðaláfrýjanda, sem átti heima á Hjalteyri. Krafðist stefndi fjárnáms fyrir dómsupphæðinni með áföllnum vöxtum og kostnaði, alls kr. 14455,27, að frádregnu nettösoluverði hinnar umsömdu síldar, er málsaðilar höfðu komið sér saman um að láta selja í Kaupmannahöfn, en það taldi stefndi kr. 5703,74, svo að fjárnámskrafa hans varð kr. 8717,53. Til fullnustu þessari kröfu var eftir tilvísun aðaláfrýjanda og skrá, er hann lagði fram, fjárnám gjört í ýmsum síldar-útgerðaráhöldum, tunnum, netum og bátum, er aðaláfrýjandi átti á Hjalteyri. En með því að andvirði síldarinnar síðar reyndist oftalið, af því að gleymst hafði að draga frá því kostnaðinn við útflutning síldarinnar, kr. 1160,40, lét stefndi gjöra framhaldsfjárnám fyrir þessari upphæð 16. júní í bryggju á Hjalteyri og síldverkunarbarki, er aðaláfrýjandi hafði undir höndum, og varð fjárnámskrafa stefnda þannig alls kr. 9911,93.

Við fógetagjörðina á Akureyri mótmælti aðaláfrýjandi fjárnáminu, af þeim ástæðum, að hann hefði gjört ráðstöfun til að áfrýja dómnum og að ábyggilega skýrslu vantaði um söluverð síldarinnar, svo að fjárnámsupphæðin yrði ekki ákveðin með vissu. En þessi mótmæli eiga ekki við rök að styðjast, með því að aðaláfrýjandi lagði eigi fram áfrýjunarstefnu í fógetaréttinum samkvæmt N. L. 1—22—56, og með því að hann sannaði eigi, að meira

væri greitt upp í fjárnámskröfuna en viðurkent var af stefnda. Það var því rétt, að fógætinn tók eigi til greina þessi mótmæli, og ber þá að staðfesta fógetaúrskurðinn. Fyrir yfirdóminu hafir aðaláfrýjandi ennfremur véfengt gildi fjárnámsins á Akureyri 2. apríl af þeirri ástæðu, að fjárnámsvottarnir hafi verið látnir virða hluti úti á Hjalteyri, er þeir hafi aldrei séð, og fjárnámsins á Hjalteyri 26. júní fyrir þá sök, að það hafi verið gjört á fjármunum, er eigi voru hans eign, en Islandsk Comp. Göteborg hafi átt. Um fyrri mótbárana er það að athuga, að aðaláfrýjandi samþykkti að fjárnámið færi fram á Akureyri, að hann lagði sjálfur fram skrá yfir munina, og að hann hreifði engum mótmælum gegn mati réttarvottanna. Fyrir því verður að líta svo á, að hann hafi samþykkt þetta mat, enda er ekkert framkomið um að matið sé rangt, svo að aðaláfrýjanda geti staðið á nokkru að fá því breytt, og mótmælin gegn fjárnáminu á Hjalteyri geta eigi heldur komið til álita, með því að félagið hefir ekki áfrýjað fjárnámsgjörðinni, og um rétt þess til munanna verður ekkert ákveðið í þessu máli.

Þá hefir aðaláfrýjandi mótmælt reikningum yfir kostnað við útflutning og sölu síldarinnar. Eins og fyr er getið, létu málsaðilar selja síldina í Kaupmannahöfn og komu sér saman um að fela tilteknum manni þar að annast söluna, en andvirðið átti að greiðast stefnda að frádregnum kostnaði. Aðaláfrýjandi telur þessa reikninga, bæði þá, er snerta kostnaðinn við útflutning og útbúning síldarinnar, sem stefndi annaðist, og þá, er stafa af sölu síldarinnar í Kaupmannahöfn, heimildarlausu eða ofháa, og krefst að sumir reikningsliðirnir verði feldir burt, en aðrir lækkaðir.

Kostnaðarreikningurinn yfir sölu síldarinnar er frá manni þeim í Kaudmannahöfn, er málsaðilar komu sér saman um að láta annast söluna. Aðaláfrýjandi getur því ekki krafist þess gagnvart stefnda, að þessi reikningur eða einstakir liðir hans verði felldir burtu eða færðir niður, en málsaðilar eiga hvor um sig eða báðir í sameiningu aðgang að umboðssalanum um leiðréttingu á reikningnum, ef hann reynist rangur. Mótmæli aðaláfrýjanda gegn reikningnum verða því ekki samþykkt.

Reikningurinn yfir kostnaðinn við undirbúning síldarinnar til útflutnings og útflutningsgjald af henni er frá stefnda, og hefir aðaláfrýjandi sérstaklega mótmælt þremur liðum hans: 1, kr. 488,40 fyrir útskipun, áþökkun og aðgerð á 814 síldartunnum; 2, kr. 25,00 fyrir ferð Páls Halldórssonar til umsjónar með útskipun, og 3, kr. 150,00 fyrir bið manna við þæklun o. fl. Að því er fyrsta liðinn snertir, hefir aðaláfrýjandi eigi haldið því fram, að þetta hafi verið óþarfakostnaður, og með því að hann hefir ekki sannað, að upphæðin sé of há, verður reikningsliðurinn ekki færður niður. Þar á móti hefir stefndi eigi sýnt fram á, að kostnaðurinn, er getur um í 2. og 3. lið, hafi verið nauðsynlegur; hann verður því eigi samþykktur, og ber að draga kr. 175,00 frá fjárnámsupphæðinni, svo að hún verður kr. 9736,93. Með þessari breytingu ber þá að staðfesta hinar áfrýjuðu fjárnámsgjörðir.

Stefndi hefir gagnáfrýjað málinu og krafist að sér verði dæmdar 10000 kr. í skaðabætur hjá aðaláfrýjanda, en þeirri kröfu fekk hann eigi framgengt fyrir undirréttinum. Þar tilgreinir hann til stuðnings kröfu sinni ýmsar vanefndir af hálfu aðaláfrýjanda, er hann tjáist hafa

orðið fyrir í fyrri viðskiftum þeirra. En málinu var þannig stefnt fyrir gestaréttinn og skaðabótakrafan þannig rökstudd í fyrsta sóknarskjali stefnda, að eldri samningar eða viðskifti málsaðila geta eigi komið til álita, en spurning verður að eins um það, hvort stefnda beri skaðabætur fyrir vanefndir aðaláfrýjanda á samningnum 7. sept. 1907.

Aðaláfrýjandi hefir mótmælt skaðabótakröfunni, og með því að stefndi hefir eigi sannað, að hann hafi beðið neitt það tjón af vanefndum aðaláfrýjanda á samningnum, er geti heimilað honum rétt til skaðabóta, verður þessi krafa hans eigi tekin til greina og ber að sýkna aðaláfrýjanda af henni, eins og undirdómurinn hefir gjört.

Með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði gestaréttardómsins, ber að staðfesta dóm þenna í heild sinni. Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Við málsmeðferð gestaréttarins er það aðfinsluvert, að málinu er stefnt fyrir gestarétt Eyjafjarðarsýslu, en tekið fyrir í gestarétti Akureyrarkaupstaðar og rekið þar til enda, en réttarskjölin þó ýmist lögð fram í gestarétti kaupstaðarins eða sýslunnar. En eigi virðist ástæða til að láta þetta varða frávisun málsins ex officio.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur og fógetaúrskurður með eftirfarandi fjárnámsgjörðum eiga að vera óraskaðir, þó svo, að fjárnámssupphæðin sé 9736 kr. 93 a.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 56/1908:

Eiríkur Eiríksson

gegn

Einari M. Jónassyni og

Sturlu Jónssyni.

D ó m u r:

Samkvæmt áfrýjunarstefnu, dags. 8. desbr. f. á., átti að taka mál þetta fyrir í yfirdóminum 1. þ. m., en áfrýjandi mætti þá ekki og enginn af hans hendi. Hins vegar mætti stefndi Einar M. Jónasson málaflutningsmaður þenna dag samkvæmt stefnunni og krafðist kosts og tæringar hjá áfrýjanda. Þessa kröfu ber að taka til greina og dæma áfrýjanda samkvæmt N. L. 1—4—34 til að greiða stefnda í þessu skyni 6 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Eiríkur Eiríksson greiði stefnda Einari M. Jónassyni málaflutningsmanni 6 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.